

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 9. ágúst 2019

Efni: Umsögn um frumvarp um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa tekið til umsagnar frumvarp um Stuðningssjóð íslenskra námsmanna.

Með frumvarpinu er lagt til að innleitt verði nýtt námsstyrkjakerfi samhliða námslánakerfi. Markmiðið með nýju kerfi er að ganga skrefinu lengra í átt að því að tryggja hagsmuni námsmanna á Íslandi betur en gert hefur verið. Verði frumvarpið að lögum mun það leysa af hólmi gildandi lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna

Nái frumvarpið fram að ganga verður til styrktarsjóður íslenskra námsmanna sem hefur það meginmarkmið að gefa námsmönnum tækifæri til að mennta sig án tillits til efnahags og skila til samfélagsins vel menntuðum einstaklingum. Slíkt kerfi er vissulega stór liður í því að hækka menntunarstig þjóðarinnar eins og tilvist LÍN hefur sýnt og sannað síðustu ár.

Öflugt menntakerfi er lykilþáttur til að efla samkeppnishæfi þjóða, er drifkraftur mannauðs og grunnstoð samfélagsinnviða. Breið sátt ríkir um grundvöll íslenska menntakerfisins. Aðgengi að menntun á að vera greitt, fjárfesting í menntun á að vera forgangsmati og fjármunum ber að ráðstafa skynsamlega.

Stuðningur ríkisins til námsmanna hefur hingað til falist í hagstæðum lánaþingum og að námslán séu ekki alltaf að fullu greidd upp. Ríkisstuðningurinn er mjög misskiptur og þeir fá mestan styrkinn sem taka hæsta námslánið. Ekkert samhengi hefur verið á milli fjárhæðar láns og endurgreiðslu sem eru einkum tengdar tekjum viðkomandi að námi loknu en ekki bundnar höfuðstól lánsins. Niðurstöður áhættugreiningar sjóðsins sýna að mjög háum námslánnum til fámenns hóps lánþega hefur fjölgað. Þessi lán verða einungis endurgreidd að litlum hluta. Þannig fá sumir námsmenn mjög háa styrki til náms en aðrir mun minna.

SA vilja vekja athygli á eftirfarandi atriðum sem horfa til mikilla framfara:

- Í nýju frumvarpi er gert ráð fyrir því að lánþegar sem ljúka prófgráðu innan tilgreinds tíma geti fengið námsstyrk sem nemur 30% af höfuðstóli námsláns þeirra. Styrkurinn er í formi niðurfellingar sem kemur til framkvæmda að námi loknu. Þessi aðferð er hvati fyrir nemendur til að ljúka námi hraðar en áður. Eins felst í þessu mikill hvati fyrir nemendur að vanda vel námsval og kynna sér möguleika sem standa nemendum til boða að námi loknu. Að sama skapi má ætla að þetta dragi úr brotthvarfi sem er eitt af megin viðfangsefnum í íslensku menntakerfi í dag. Allt getur þetta aukið gæði í menntakerfinu og stuðlað að þjóðhaglegum sparnaði. Með frumvarpinu er gert ráð fyrir að námsstyrkur verði veittur vegna framfærslu barna lánþega sem getur orðið mikil hvatning fyrir þá sem þegar hafa stofnað fjölskyldur að ljúka námi. Auk þess má ætla að þessi breyting og hugmyndafræðin í nýju kerfi geti gert kaup á fyrstu íbúð raunhæfan kost fyrir ungt fólk sem nýlega hefur lokið námi, þá sér í lagi fjölskyldufólk.

- Með nýju frumvarpi er opnað á að það verðmæta verkfæri, sem styrktarsjóður námsmanna er, sé notað til að hafa áhrif á þróun sem talin er mikilvæg í samfélaginu m.a. með notkun á tímabundnum ívilnunum. Þar má nefna stuðning við brothættar byggðir og sérstakan stuðning til þeirra sem stunda nám í tilteknum námsgreinum, svo sem starfs- og verknáms og kennaranáms. SA fagna sérstaklega ásetningi um samráð við atvinnulífið í þessu sambandi.
- Með nýrri nálgun við þetta mikilvæga viðfangsefni færast námslánakerfið nær því sem þekkist víða á Norðurlöndunum. Sú mikilvæga breyting eykur samkeppnishæfni landsins þegar kemur að því að ungt fólk taki ákvörðun um menntun.
- Í frumvarpinu kemur einnig fram mikilvæg og eðlileg breyting sem felur í sér að ávallt sé miðað við námslánin séu að fullu uppgreidd á 65. aldursári lánþega.
- Hvað varðar umsýslu og framkvæmd kemur í frumvarpinu fram jákvæð þróun með skýrari heimildum til námslána vegna skólagjalda sem getur verið mikilvæg forsenda þess að nemendur sæki nám í öflugum skólum erlendis. Eins er veitt heimild til að greiða staðaruppbót þegar um sérstakar aðstæður er að ræða í námi erlendis. Með þessu er tekið tillit til nemenda sem m.a. sækja framhaldsnám við erlenda háskóla sem eru framúrskarandi á sínu sviði enda er möguleiki til sérhæfingar í námi er mikilvægur, eykur fjölbreytni í atvinnulífi og getur ýtt undir nýsköpun í tengslum við háskóla og atvinnulíf eins og dæmin sanna.
- Aukin skýrleiki og sveigjanleiki hvað varðar afborganir verður til staðar í kerfinu nái frumvarpið fram að ganga. Greiðslur verða mánaðarlegar og lánþegi getur valið hvort endurgreiðslan er tekjutengd eða í jöfnum greiðslum hafi hann lokið námi fyrir 35 ára aldur. Eins geta lánþegar valið við námslok hvort lánin eru endurgreidd með verðtryggðum eða óverðtryggðum skuldabréfum.
- Í skýringu um 17. gr. er tekið fram að „fjármögnunarlán sem Stuðningssjóðurinn tekur eru á verðtryggðum kjörum en velji stór hluti námsmanna að fá óverðtryggð lán þá mun jafngildi þeirra skuldbindinga sem Stuðningssjóðurinn hefur gagnvart ríkissjóði verða breytt úr verðtryggðri skuldbindingu yfir í óverðtryggða. Með þeim hætti er reynt að lágmarka áhættu Stuðningssjóðsins vegna mögulegs verðtryggingar misvægis á efnahagsreikningi sínum.“

Samtök atvinnulífsins vilja einnig koma eftirfarandi á framfæri:

- Það er ljóst að hækkun vaxta mun snerta einhverja lánþega en mikilvægt er að horfa til þeirra gæða sem styrkur gefur þar á móti og aðra jákvæða þætti sem fram koma í frumvarpinu. Í þessu sambandi er mikilvægt að horfa til heildaráhrifa á alla lánþega og þess að kerfið sé sjálfbært enda er með frumvarpinu gert ráð fyrir að afborganir námslána ásamt álagi standi að fullu undir lánveitingum sem SÍN veitir. Að því sögðu telur SA að rétt væri að skoða leiðir til að

jafna út sveiflur t.a.m. með því að miða við meðalávöxtunarkröfur yfir ákveðið tímabil líkt og Stúdentaráð bendir á í sinni umsögn um málið.

- Í yfirferð frumvarpsins hefði verið til mikilla bóta að fyrir lægju greiningar á áhrifum breytinga sem fram koma og fjöldi lánþega sem ætla má að frumvarpið snerti með beinum hætti.

Það er álit SA að í heildina séu breytingar þær sem boðaðar eru með nýju frumvarpi til bóta fyrir Íslenska námsmenn, menntakerfi og atvinnulíf.

Samtök atvinnulífsins mæla því með að frumvarpið verði afgreitt eftir málefnalega umfjöllun Alþingis.

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir